



622. fundur stjórnar SASS

Haldinn á Teams

9. maí 2025, kl. 12:00

Þátttakendur: Anton Kári Halldórsson formaður, Sandra Sigurðardóttir, Árni Eiríksson, Brynhildur Jónsdóttir, Jóhannes Gissurarson, Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir, Gauti Árnason, Helga Jóhanna Harðardóttir, Arnar Freyr Ólafsson og Ingunn Jónsdóttir. Gestur fundarins var Þórður Freyr Sigurðsson.

Sandra Sigurðardóttir varaformaður ritaði fundargerð.

Formaður býður fundarmenn velkomna á fundinn og Ingunn Jónsdóttir er boðin hjartanlega velkomin til starfa hjá samtökunum.

1. Prókúra SASS

Stjórn SASS samþykkir að veita Ingunni Jónsdóttur, framkvæmdastjóra SASS, prókúru. Prókúran veitir heimild til að rita firma sambandsins í rekstrarlegum tilgangi, með þeim takmörkunum sem lög og samþykktir sambandsins kveða á um.

2. Sóknaráætlun Suðurlands

Undir þessum lið fór Þórður Freyr Sigurðsson, starfsmaður SASS, yfir drög Sóknaráætlunar Suðurlands. Hann kynnti áherslur og framgang verkefnisins og upplýsti stjórn um stöðu einstaka verkþátta og næstu skref. Stjórn samþykkir að sóknaráætlunin verði send til sveitarfélaganna til kynningar og verði jafnframt birt í samráðsgátt stjórnvalda til umsagnar. Stjórn þakkar starfsfólki SASS fyrir góða og faglega vinnu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:19

Anton Kári Halldórsson
Árni Eiríksson
Brynhildur Jónsdóttir
Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir
Sandra Sigurðardóttir
Jóhannes Gissurarson
Gauti Árnason
Helga Jóhanna Harðardóttir
Arnar Freyr Ólafsson